

ALDUR

6-9

Aðalnámskrá

Í þessari námskrá eru tillögur að verkefnum sem eru sniðin að því að kynna viðfangsefni sem snúa að flóttafólki á þann hátt að það henti þessum aldurshópi.

Í þessum aldurshópi geturðu gert ráð fyrir að börn geti einbeitt sér í um það bil tuttugu mínútur í senn að tilteknu viðfangsefni og sífellt lengur eftir því sem þau ná 8 og 9 ára aldri.

Þetta kennsluefni gerir ráð fyrir að börnin hafi samskipti við jafnaldra sína og kennara. Verkefnin fyrir þennan aldurshóp gera ekki kröfu um að börnin geti sýnt fram á færni í lestri eða ritun, þó að börn séu hvött til að nýta sér þessa færni í hópavinnu og eftir því sem þau eldast.

Þetta kennsluefni leggur áherslu á að byggja upp félagslega og tilfinningalega færni í kennslustofunni með það að markmiði að gefa nemendum og kennurum tækifæri til að skapa í sameiningu friðsælt umhverfi í kennslustofunni þar sem ólíkir einstaklingar koma saman í sátt og samlyndi.

Áður en hafist er handa

Leiðbeiningar um þátttöku flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks í skipulagningu



Áður en byrjað er að vinna í verkefnunum sem fjalla um flóttamenn, hæli, þjóðerni og farandfólk er gott að gefa sér tíma og hugsa um nemendur sem eru í bekknum.

Eru einhver með stöðu flóttafólks, í ferli að sækja um alþjóðlega vernd eða eru jafnvel einhver sem eru ríkisfangslaus? Ef svo er, væri skynsamlegt að tala við viðkomandi nemendur og foreldra þeirra um verkefni sem eru fram undan. Þetta fer að sjálfsgöðu eftir aldri nemenda.

Ef mögulegt er skaltu nota hugmyndir og endurgjöf frá foreldrum og nemendum og vísa í þau til að svara spurningum, þó aðeins að því gefnu að þau hafi tekið það skýrt fram að þau hafi áhuga á að svara spurningum eða ræða um þessi mál.

Ríkisfangslausir einstaklingar hafa ekki formlegt ríkisfang í neinu landi. Ríkisfangsleysi getur komið fram í mörgum mismunandi aðstæðum.

Til dæmis eru sumir þjóðernis- eða trúarhópar ekki viðurkenndir samkvæmt landslögum sem ríkisborgara þess lands, sum börn eru fædd utan þess lands þar sem foreldrar þeirra eru ríkisborgarar og geta hvorki öðlast ríkisborgararétt í því landi þar sem þau fæddust né í landi foreldrar sinna.

Sum lönd eru með lög sem banna barni að erfa ríkisfang móður sinnar við fæðingu. Ríkisfangslausir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að fá aðgang að grundvallarréttindum svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og ferðafrelsi. Án þessara réttinda er viðbúið að fólk upplifi ýmiskonar hindranir og erfiðleika.

Varið varlega í að nota orð eins og „land“ og „þjóðerni“ ef það eru ríkisfangslausir nemendur í bekknum. Í staðinn er hægt að nota orðin „heimili þitt“ eða „menning þín.“

YFIRLIT

Þetta námsefni skiptist í fjóra hluta:

1. Að byggja upp félags- og tilfinningalega færni og auðvelda sambönd milli jafningja

Markmiðið í þessum hluta er að hjálpa nemendum að þekkja mismunandi tilfinningar hjá sjálfum sér og öðrum. Þessi hluti kennir nemendum einnig hvernig eigi að bregðast við mismunandi tilfinningum og hvetur þá til að sýna samkennd með samnemendum sínum og þeirra reynslu.

1.A Námsmarkmið

Að nemendur skilji að það geti verið skemmtilegt og áhugavert að vinna með öllum samnemendum sínum.

Að nemendur skilji að hver og einn í bekknum ber nafn sem endurspeglar fjölskyldu þeirra og bakgrunn.

1.B Námsmarkmið

Að nemendur skilji sínar eigin tilfinningar og öðlist færni og hæfni í að nota orð til að tjá þær.

Að nemendur byrji að gera sér betur grein fyrir sínum eigin tilfinningum.

2. Að fagna fjölbreytileika

Þessi hluti kynnir mismunandi menningu alls staðar að úr heiminum fyrir nemendum og hvetur þá til að kynna sér og leika sér með þær hugmyndir, leiki, tónlist, kveðjur og mat sem tilheyra þessum menningarheimum. Nemendur eru hvattir til að bera saman og fagna bæði því sem er sameiginlegt með okkur og því sem er ólíkt.

Námsmarkmið

Að nemendur skilji að fólk um allan heim notar mismunandi leiðir til að eiga samskipti og tjá sig.

Að nemendur skilji að það sem skilur okkur að frá öðrum er það sem gerir heiminn svona fjölbreyttan og skemmtilegan.

Að nemendur kanni, uppgötvi og ræði nýjar menningar heima hjá sér.

3. Að auka skilning á nemendum sem eru nýir í bekknum

Þessi hluti fjallar um upplifun nýrra nemenda í bekknum. Nemendur fá að kynnst því hvernig það er að læra nýtt tungumál, að spila nýja leiki, að eignast nýja vini og upplifa skólalag sem nýr nemandi.

Námsmarkmið

Að nemendur skilji að þegar nemendur byrja í nýjum skóla getur það verið bæði ógnvænleg og spennandi upplifun.

Að nemendur öðlist færni í að sýna nýjum nemendum í bekknum samkennd.

4. Að skapa friðsælt umhverfi

Í þessum hluta eru nemendur hvattir til að þróa og fylgja hegðunarreglum til að viðhalda friði í kennslustofunni. Þessi hluti á að fá nemendur til að hugsa um sína eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á aðra í bekknum, ásamt því að ýta undir jákvæða hegðun allra nemenda.

Námsmarkmið

Að nemendur skilji hvernig mismunandi tilfinningar hafa áhrif á hvernig þau haga sér.

Að nemendur skilji hvernig hægt er að vinna saman í að gera upplifunina í kennslustofunni skemmtilegri og ánægjulegri fyrir alla.

Að nemendur öðlist þekkingu á því sem hjálpar þeim að róa sig niður.


YNGSTA STIG

1.A Leikir sem auðvelda samskipti á milli nemenda og byggja upp þvermenningarlega vitund á einstaklingsstigi


1.A.1 Að byggja upp tengsl í skólastofunni

Spjöldin sem eru notuð í þessari æfingu er hægt að finna í [fylgiskjali](#) sem fylgir þessum verkefnapakka. Það eru tvö sett af spjöldum, eitt með bókstöfum og annað með tölustöfum.

Byrjaðu á því að prenta spjöldin út og dreifa þeim til nemenda. Passið að dreifa spjöldunum jafnt þar sem þetta er samstæðuspil og eiga nemendur að finna samnemanda sem er með spjald sem passar við það spjald sem þeir eru með.



Í bókstafa samstæðuspilinu eiga nemendur að finna þann nemanda sem er með sama staf og þeir.



Í tölustafa samstæðuspilinu er helmingur bekkisins með margföldunardæmi og hinn helmingurinn með svörin. Nemendur eiga að finna þann nemanda sem er með svarið við

sínu dæmi. Einnig er hægt að búa til spjöld sem byggja upp orðaforða nemenda. Þá eru útbúin spjöld með orðum og samsvarandi útskýringum á orðunum. Hver nemandi fær eitt spjald og þarf að finna spjaldið sem passar við það spjald. Þegar leiknum er lokið geta nemendur sagt frá því sem þeim fannst skemmtilegt við þetta verkefni.

Hægt er að búa til sín eigin spjöld og er því tilvalið að nota hugmyndaflugíð.

1.A.2 Hvað heitir þú?

Þetta verkefni byrjar á því að nemendur fara heim og spyrja foreldra sína hvað þeirra eigið nafn, nöfn foreldra þeirra og nöfn systkina þeirra þýða, hvaðan nöfnin koma og hvort það eru fleiri fjölskyldumeðlimir sem bera þessi nöfn. Ef nöfnin eru skrifuð með mismunandi skriftum, biðjið foreldrana um að skrifa þau niður.

Daginn eftir er annað hvort hægt að skipta bekknum niður í tveggja manna hópa eða sitja saman í hring. Nemendur spyrja síðan eftirfarandi spurninga:

“Hvað heitir þú?”

“Hver er uppruni nafnsins?”

“Hvað þýðir nafnið þitt?”

Þá er hægt að skoða nöfn nemenda á mismunandi tungumálum (t.d. Pierre, Peter eða Petteri) og spyrja nemendur hvort þau þekki einhverja sem bera ólík nöfn af sömu rót. Hvettu nemendur til að kynna nöfnin sín á eigin móðurmáli ef það er annað en íslenska.

1.B Æfingar og leikir til að byggja upp tilfinningagreind og öðlast færni og getu í að þekkja eigin tilfinningar.

1.B.1 Að bera kennsl á tilfinningar

Myndasafn fyrir þessa æfingu má finna á [kennsluvef UNHCR](#).



Hissa



Spenntur

Prentaðu myndirnar út eða sýndu þær á skjá og fáðu nemendur til að greina hvaða tilfinningar myndirnar sýna. Gott er að nota orð eins og glöð/glaður, leið/ur, eða reið/ur.

Einnig er hægt að útskýra tilfinninguna og fá nemendur til að sýna svipbrigði sem passa við tilfinninguna.

1.B.2 Vísbendingaleikur um tilfinningar

Skiptu nemendum niður í 2-3 manna hópa. Nemendur eiga svo að skiptast á að sýna eða líkja eftir tilfinningu og fá aðra meðlimi hópsins til að reyna að giska á tilfinninguna. Nemendur geta kennt hver öðrum ný orð sem þekkjast á þeirra eigin heimilum, menningu, eða móðurmáli þeirra.

Þennan leik er hægt að gera eftir verkefni 1.B.1 og svo aftur eftir æfingu 1.B.3 eftir því sem nemendur byggja upp flóknari orðaforða.

1.B.3 Að byggja upp orðaforða um tilfinningar

Hjálpaðu nemendum að byggja upp flóknari og blæbrigðaríkari tilfinningalegan orðaforða með því að kynna nýjar tilfinningar og heitin á þeim fyrir nemendum.

Ef nemendur eiga erfitt með að skilja tilfinningarnar er gott að nota dæmi og svipbrigði.

1.B.4 Að tjá tilfinningar

Þegar nemendur geta nefnt að minnsta kosti 8 tilfinningar hjá sjálfum sér (fer eftir aldri, því eldri því fleiri tilfinningar) skaltu búa til tilfinningaveggspjöld.

Hægt er að nota veggspjöld eða stór blöð. Skrifðu eina tilfinningu efst á hvert spjald.

Fáðu svo nemendur til að skrifa nafnið sitt á miða sem þau nota til að setja á spjald með þeirri tilfinningu sem lýsir því hvernig þeim líður.

Nemendur geta fært nafnið sitt á milli spjalda hvenær sem þeim hentar yfir daginn, eftir því sem líðan þeirra breytist yfir daginn.

Ef börnin eiga erfitt með verkefni geturðu ráðlagt þeim að setja nafnið sitt á tilfinningaveggspjald. Þú gætir gert það sama ef þú sérð nemanda sem er mjög glaður.

2. Leikir til að hjálpa nemendum að læra um og fagna fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum og löndum

Þetta er tækifæri fyrir nemendur til að víkka sjóndeildarhringinn og uppgötva þann fjölbreytileika sem finnst í mismunandi menningarheimum og löndum

Þetta er kjörið tækifæri til að tala við foreldra nemenda sem koma frá mismunandi stöðum og spyrja hvort þeir vilji taka þátt með því að kynna sína menningu fyrir bekknum og taka þátt í leikjunum sem er lýst hér fyrir neðan.

Í þessum verkefnum er möguleiki á því að skipta út einu landi eða menningarheimi fyrir land/menningu þessara foreldra ef þeir vilja og hafa tíma til að vinna með þér. Gefðu þér tíma til að ganga úr skugga um að foreldrarnir séu sáttir við að þú kennir þetta efni og bjóddu þeim jafnframt að taka þátt í kennslustundunum.

2.1 Mismunandi leiðir til að heilsa

Þessi leikur hjálpar nemendum að læra að heilsast á mismunandi tungumálum. Byrjaðu á því að fá nemendur til að hjálpa þér að skrifa niður „halló“ eða „góðan dag“ á eins mörgum tungumálum og hægt er.

Það er gott að reyna að halda sig við eina leið til að heilsast og hafa hana frekar á fleiri tungumálum t.d. „halló“ og þýða það svo á mismunandi tungumál.

Hægt er að gera þessa æfingu sem bekkur með því að láta alla standa í hring, kennarinn byrjar að benda á nemanda og heilsar honum á einhverju tungumáli.

Sá nemandi velur svo annan nemanda sem hann/hún heilsar á öðru tungumáli. Það er bannað að nota sama tungumálið tvisvar

sinum í röð.

Það er hægt að halda þessum leik gangandi með því að fá nemendur til að nota þessar nýju leiðir til að heilsast í heila viku eða lengur.

Einnig geta nemendur notað þessa æfingu til að heilsa nemendum sem koma erlendis frá á sínu móðurmáli.

2.2 Kveðjur á korti

Núna þegar nemendur eru búnir að kynnast mismunandi leiðum til að heilsast, skaltu skoða kort af heiminum með bekknum og merkja inn á kortið hvaðan mismunandi kveðjur koma.

Það er síðan hægt að spila leik þar sem þú bendir á einn miða og biður nemendur um að muna eftir kveðjunni sem kemur frá þeim stað eða muna eitthvað um staðinn.

2.3 Tónlist frá ýmsum heimshornum

Settu tónlist á og fáðu nemendur til að túlka hana með því að teikna hana, lýsa henni, smella í takt við hana eða jafnvel dansa við hana. Að laginu loknu skaltu spyrja nemendur eftirfarandi spurninga:

Hvaða tilfinningar koma upp við að hlusta á lagið?

Hvaða litur finnst ykkur passa best við lagið?

Ef þið mynduð ímynda ykkur að lagið væri dýr, hvaða dýr væri það?

Að lokum eiga nemendur að giska á hvaðan tónlistin kemur og benda á korti hvar það land er staðsett í heiminum. Endurtaktu þetta ferli með fleiri lög frá mismunandi löndum.

2.4 Matur frá ýmsum heimshornum

Byrjaðu á því að fá nemendur til að segja hvað þeir fengu sér í morgunmat. Hægt er að láta allan bekkinn gera þetta saman eða í minni hópum. Fáðu nemendur til að skrifa niður það sem þeir borða venjulega í morgunmat. Gerðu lista yfir matvæli.

Skoðið saman sem bekkur hvað er vinsælasti morgunmaturinn í þeim löndum sem hafa verið kynnt í tíma. Hægt er að fá nemendur til að koma með sinn uppáhalds morgunmat næsta dag.

2.5 Leikir frá ýmsum heimshornum

Byrjaðu á því að skipta bekknum niður í minni hópa. Fáðu hópana til að velja sér spil eða leik sem þeir fá 20 mínútur til að spila/leika. Láttu leikina svo ganga á milli hópa þannig að hver hópur fær að spila 3-4 leiki.

Að leiknum loknum skaltu ræða við nemendur og spyrja þá hvað þeim fannst um leikina, hægt er að nota eftirfarandi spurningar til að leiða umræðuna:

Voru þessir leikir eitthvað líkir þeim leikjum sem þau hafa leikið áður?

Hvaða leikur var í uppáhaldi og hvaða leikur var ekki eins skemmtilegur?

Að lokum skaltu fá nemendur til að vinna saman í hópum til að búa til veggspjald fyrir hvern leik sem sýnir leikreglurnar og hvaðan leikurinn kemur

3. Verkefni til að hjálpa nemendum að skilja hvernig það er að byrja í nýjum skóla í nýju landi

3.1 Að læra nýtt tungumál

Byrjaðu tímann á því að tala við nemendur á bull tungumáli sem enginn skilur í 30 sekúndur. Láttu svo nemendur fá blað með tveimur bull orðum eða bull málsgrein. Fáðu þá til að reyna að túlka það sem stendur á blaðinu með því að teikna mynd.

Að æfingu lokinni skaltu ræða við nemendur og spyrja þá hvernig þeim leið að skilja ekki hvað var verið að segja og hvað stóð á blaðinu. Að umræðu lokinni skuluð þið skrifa niður orð sem lýsa því hvernig nýjum nemanda myndi líða við að byrja í nýjum skóla í landi sem hann þekkir ekki. Hengdu svo veggspjaldið á vegginn í kennslustofunni. Hengdu síðan tóm veggspjald á vegginn þar sem nemendur geta skrifað niður leiðir til að hjálpa þeim nemendum sem eru í þessum

aðstæðum.

3.2 Hvað höfum við lært?

Spyrðu nemendur hvað þeir hafa lært um mismunandi lönd og menningu. Það geta m.a. verið kveðjur, tungumál, leikir, matur og tónlist.

Þetta er kjörið tækifæri til að fá nemendur til að setja sig í aðstæður þeirra sem eru að flytja í nýtt land sem þau vita ekkert um. Hvettu nemendur til að tjá sig með því að nota tilfinningarnar sem þeir lærðu um í fyrri hluta þessa námsefnis. Að lokum skaltu skipta bekknum í litla hópa þar sem nemendur fá tækifæri til að búa til leikrit, semja lag eða ljóð eða búa til veggspjald um hvernig hægt er að hjálpa nemendum sem eru nýir í bekknum og koma erlendis frá.

4. Verkefni til að skapa friðsælt og uppbyggilegt námsumhverfi fyrir alla

4.1 Að finna frið í mér

Fáðu nemendurnar til að hugsa um atburð sem gerði þá leiða, reiða, pirraða eða svekka.

Búðu til lista af aðferðum sem nemendur geta notað til að finna fyrir ró og vinna úr tilfinningum sínum. Hægt er að skrifa þessar aðferðir á veggspjald og hengja þær á áberandi stað í stofunni. Oft er þetta kallað „Aðgerðakista nemenda.“

Það er mikilvægt að hvetja nemendur til að nota aðgerðakistuna til þess að hjálpa sér í gegnum daginn. Það eru mismunandi aðferðir sem nemendur geta beitt til að finna ró í stressandi aðstæðum, svo sem:

- Að lesa
- Að gera öndunaræfingar
- Að lita, o.s.frv.

Þegar nemandinn hefur náð að róa sig er mjög mikilvægt að hrósa honum og halda áfram að hvetja hann/hana til að nota þessar aðferðir.

4.2 Að skapa frið í kennslustofunni

Sem viðbót við 4.1, spyrðu nemendur hvort þeim finnst það vera hjálplegt að vera með rólegt rými þegar þeir eru að vinna úr tilfinningum sínum og reyna að róa sig niður.

Spyrðu þá hvað það er sem getur hjálpað þeim að finna ró og/eða róa sig, s.s. að lesa, teikna o.þ.h. Athugaðu hvort að hægt sé að

búa til smá horn í kennslustofunni þar sem nemendur geta komið sér fyrir þegar þeim finnst þeir þurfa á smá ró að halda. Það er hægt að setja körfu með nokkrum bókum, litablöðum, eða öðrum hlutum sem nemendur geta gripið í. Það er mikilvægt að nemendum finnst þeir vera öruggir í þessu horni og það má aldrei nota það sem skammmarkrök fyrir slæma hegðun.

Þú getur hvatt nemendur til að eyða tíma í horninu ef þeir telja sig þurfa það. Það ætti að vera þeirra ákvörðun að yfirgefa rýmið. Þannig hvetjum við börnin til að vera meðvituð um aðferðirnar sem þau nota til þess að takast á við slíkar aðstæður.

4.3 Að búa til reglur fyrir kennslustofuna

Fáðu nemendur til að búa til reglur fyrir kennslustofuna. Þetta er hægt að gera annað hvort bekkurinn sem heild eða í minni hópum. Næst skal bekkurinn koma sér saman um hvaða reglur eiga að gilda um bekkinn.

Að lokum skuluð þið skrifa reglurnar niður á veggspjald sem verður hengt upp á vegg. Þessar reglur eiga að veita nemendum öryggi í kennslustofunni og eiga virðing og auðmýkt að vera hafðar í huga þegar verið er að semja reglurnar.

Frekara kennsluefni má nálgast hér: [unhcr.org/teaching-about-refugees](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees)

Developed by Mialy Dermish.
Contributions to lesson plans on diversity in the classroom by
Alain Uwumugambi, Niala Khalil and Hibatillah Ibrahim.